



Selfossi, 11.apríl 2023

Fundargerð stjórnar

7. fundur stjórnar Brunavarna Árnessýslu haldinn þriðjudaginn 11. apríl 2023, kl. 15.00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóra Kristinsdóttir, Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson, Sandra Sigurðardóttir, Lárus Kristinn Guðmundsson, Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Auðunn Guðjónsson og Aníta Guðlaugsdóttir frá KPMG

1. Ársreikningur 2022

Auðunn Guðjónsson, frá KPMG, lagði fram ársreikning Brunavarna Árnessýslu fyrir árið 2022 og fór yfir helstu tölur. Umræður. Stjórn samþykkir ársreikning 2022.

2. Kjarasamningsbundnar launahækkunar 2023

Pétur kynnti kjarasamningsbundnar launahækkunar sem ekki var ráð fyrir gert í fjárhagsáætlun vegna ársins 2023. Ný launatafla tók gildi 1.janúar 2023 og gildir til 30.september og hefur töluverð áhrif á launaáætlun og þ.a.l. fjárhagsáætlun B.A. Um er að ræða hækkun á áætlun um rúma 31 milljón, en von er á að frekari hækkun verði frá 1.október. Pétur lagði til að B.A myndi reyna að mæta þessum kostnaði með handbæru fé fram eftir ári og taka stöðuna fyrir haustfund Héraðsnefndar Árneseinga. Stjórn samþykkir tillöguna.

3. Lán vegna kaupa á nýjum dælubíl

Pétur sagði frá kaupum á nýjum dælubíl fyrir Hveragerði sem afhentur verður í lok árs 2023. Héraðsnefnd frestaði lántöku á haustfundi 2022 til vorfundar 2023. Pétur lagði til að lánafjárhæðin verði fest í evrum, eins og kaupsamningurinn segir. Stjórn samþykkir að breyta upphæð lántökunnar úr krónum í evrur.

4. Slökkvistöðvarmál á Laugarvatni

Pétur kynnti hugleiðingar vegna slökkvistöðvar á Laugarvatni. Mismunandi leiðir ræddar til að koma upp bílageymslu fyrir Brunavarnir Árnessýslu á Laugarvatni. Stjórn telur hagstæðasta kostinn að Brunavarnir standi sjálfar að byggingu bílageymslu. Slökkviliðsstjóra falið að safna frekari gagna til að leggja fyrir vorfund Héraðsnefndar.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 16:25

Helgi Kjartansson
Fjóra Kristinsdóttir
Bragi Bjarnason
Sandra Sigurðardóttir
Lárus Kristinn Guðmundsson

Pétur Pétursson
Lárus Kristinn Guðmundsson
Unna Björg Ögmundsdóttir